

Fornleifauppgröftur á miðaldafjósi og hlöðu í landi Kjaransstaða í Dýrafirði



Kristín Sylvía Ragnarsdóttir
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.16-20
Desember 2020

Forsíðumynd: Ljósmynd tekin með dróna við lok uppgrftar á fjósi og hlöðu.

EFNISYFIRLIT

1.	Grunnupplýsingar.....	4
2.	Tæknileg atriði.....	5
2.1	Útdráttur	5
2.2	Forsaga rannsóknar.....	6
2.3	Stjórnsýsla og fjármögnun	8
2.4	Aðrar almennar upplýsingar.....	8
2.5	Uppmælingarkerfi	9
2.6	Aðferðir á vettvangi	9
2.7	Saga Kjaransstaðakots	10
2.8	Fjós og hlöður á Miðöldum	10
2.9	Lýsing mannvirkja.....	12
2.9.1	Hlaða (Hús A)	14
2.9.2	Fjós (Hús B).....	16
2.9.3	Tengibygging milli fjóss og hlöðu	19
2.10	Túlkun	21
3.	Niðurstöður.....	24
3.1	Jarðlagaskrá (Contextaskrá)	26
3.2	Fundaskrá	27
3.3	Sýnaskrá	27
3.4	Ljósmyndaskrá.....	27
3.5	Flæðirit (Harris Matrix)	32
	Heimildarskrá.....	33

1. Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 201905-0017

ÞJMS-númer: 2019-40

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun:

1862-4

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2017. Fornleifakönnun vegna lagningu á rafstreng að Dýrafjarðargöngum. Rannsóknarskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða. NV nr. 17-17. Bls. 9-10.

Stutt lýsing rannsókna: Rannsóknin fólst í uppgreftri á fjósi og hlöðu vegna vegaf framkvæmdar að Dýrafjarðargöngum.

Tegund rannsókna Framkvæmdarannsókn

Staðsetning

Kjaransstaðakot, Dýrafjörður, Vestfirðir.

GPS hnit

Hús A: ISN93: A 304186, N 600828

Hús B: ISN93: A 304182, N 600832

Rannsóknartími:

14-25 maí 2019, 18-30 ágúst 2019

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 6 starfsmenn



2. Tæknileg atriði

2.1 Útdráttur

Að beiðni Vegagerðarinnar vann fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að framkvæmdarannsókn á fjósi og hlöðu á eyðibýlinu Kjaransstaðakot í Dýrafirði vegna vegaf framkvæmdar að Dýrafjarðargöngum. Könnunarskurður var grafinn í fjósið árið 2017 í kjölfar fornleifaskráningar og kom í ljós miðalda fjós með steinlögðum flór. Minjastofnun Íslands fór fram á að fjósið yrði grafið að fullu þar sem nýi vegurinn að Dýrafjarðargöngum átti að liggja upp í rústina norðan til. Árið 2017 voru gerðir fleiri könnunarskurðir framan við bæjarhúsin sem leiddu til þess að færa þurfti veglínuna fjær minjunum, en svæðið yfir fjósinu hafði þegar verið opnað og vegna þess gerði Minjastofnun þá kröfu að húsið yrði grafið upp engu að síður, þó veglínan væri ekki lengur fyrirhuguð yfir húsið.

Uppgröfturinn fór fram í tveimur hlutum, annarsvegar í maí 2019 þar sem fjósið var rannsakað og svæðið í kring og hélt svo áfram í ágúst 2019 þar sem önnur bygging kom í ljós til vesturs í maí. Ákveðið var að fresta uppgreftinum um nokkrar vikur vegna mikils ryks sem þeyttist yfir allt við keyrslu vinnuvéla fram hjá svæðinu, en mikill þurrkur hafði verið og hafði það áhrif á starfsfólk og uppgreftinn sjálfan. Starfsmenn frá Minjastofnun Íslands voru fengin á staðinn í maí og var ákveðið að stækka svæðið og að rannsóknir á rústinni til vesturs yrðu gerðar. Við frekari athuganir kom í ljós að rústin sem var talið vera fjós í könnunarskurðinum frá 2017¹ var í raun hlaða og rústin sem var til vesturs væri í raun fjósið.

¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018. *Könnunarskurðir vegna vegaf framkvæmda að Dýrafjarðargöngum. NV nr.04-18*



Mynd 1. Uppgriftarsvæðið áður en opnað var stærra svæði til vesturs.

2.2 Forsaga rannsóknar

Tvær fornleifaskráningar og ein fornleifarannsókn hafa farið fram á bænum Kjaransstaðarkot í Dýrafirði. Í mars 2008 var jörðin skráð að ósk Vegagerðarinnar af Náttúrustofu Vestfjarða og kom sú skráning út í skýrslunni *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarða²*. Í apríl 2017 var jörðin skráð að beiðni Orkubús Vestfjarða af Náttúrustofu Vestfjarða vegna lagningu á rafstreng og kom sú skráning út í skýrslunni *Fornleifakönnun vegna lagningar á rafstreng að Dýrafjarðargöngum*.

Minjastofnun Íslands fór fram á að teknir yrðu könnunarskurðir framan við bæjarhól Kjaransstaðakots til þess að kanna hvort minjar væru á milli bæjar og núverandi vegar. Þar voru grafnir 3 skurðir (Skurðir A, B og C). Skurðir A og B voru grafnir framan við bæjarhólinn á Kjaransstaðarkoti og skurður C var grafinn í útihús [1864-4]. Vegna mannvistaleifa sem fundust í skurði A var ákveðið að færa veginn, en búið var að opna með gröfu 10x10 metra svæði yfir útihúsinu og kom í ljós að það væri miðaldafjós³. Vegna þessa var ákveðið að grafa upp tóftina að beiðni Minjastofnunar.

² Margrét Hrönn Hallmundsóttir. Caroline Paulen. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*. NV nr.07-08

³ Margrét Hrönn Hallmundsóttir. 2018. *Könnunarskurðir vegna vegaframkvæmda að Dýrafjarðargöngum*. NV nr.04-18

Í bréfi frá Minjastofnun Íslands frá 10. September 2018 segir: „Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Guðmundar Rafns Kristjánssonar deildastjóra jarðgangadeildar Vegagerðarinnar frá 5. September s.l. Í bréfinu óskar Vegagerðin eftir heimild til að fresta fornleifarannsókn á tóft 1862-4 til næsta vors og að heimilt verið að vinna í fyllingum neðan við rústina í haust og vetur. Í bréfi Minjastofnunar til Vegagerðarinnar, dags, 20.08.2018, kom fram að stofnunin teldi að rannsaka þyrfti tóft 1862-4 að fullu með fornleifauppgræftri áður en framkvæmdir við fyrirhugaðan veg um dýrafjörð hæfust. Byrjað er að vinna við veginn sem tengist gerð Dýrafjarðagangna. Í áður nefndu bréfi Vegagerðarinnar kemur fram að Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hafi verið fengin til að skoða aðstæður í kringum Kjaransstaðakot. Allar minjar Kjaransstaðakots voru girtar af til að koma í veg fyrir skemmdir á minjum á framkvæmdatíma. Það er augljóst að sá árstími sem nú gengur í garð er ekki heppilegur til fornleifarannsóna í Dýrafirði. Rannsóknarinnar vegna er það kostur að henni verði frestað fram til vors. Búið er að ganga frá rústinni fyrir veturinn og tryggja að fyrirhugaðar framkvæmdir við veginn neðan við hana raski henni ekki. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við að fresta rannsókn á tóft 1862-4 til næsta vors. Stofnunin setur sig heldur ekki upp á móti því að unnið verið í fyllingum neðan við rústina í haust og vetur enda verði verktökum gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa við Kjaransstaðakot.“⁴

Við uppgröft í maí 2019 komu í ljós hleðslur af hugsanlegri útbyggingu vestan við rústina sem talið var vera fjós. Þá var ákveðið að fá starfsmenn frá Minjastofnun Íslands á svæðið til að ákveða framhald rannsóknarinnar.

Þann 5. júní 2019 kom eftirfarandi formlegur úrskurður frá minjastofnun Íslands: „Minjastofnun Íslands barst tölvupóstur dags 31. maí 2019 frá Margréti Hallmundsdóttir vegna framkvæmdarannsóknna á tóft við Kjaransstaðakot í Dýrafirði. Við rannsókn kom í ljós að ekki er um stakt hús að ræða heldur eru byggingar og vegghleðslur að birtast út frá rústinni. Magnús A. Sigurðsson, minjavörður vesturlands og Inga Sóley Kristjónudóttir, verkefnastjóri hjá Minjastofnun fóru á vettvang þann 28. maí og skoðuðu svæðið. Við vesturhlið byggingar voru að koma í ljós hleðslur, hugsanlega útbygging frá rústinni og þá eru hleðslur að koma í ljós bæði vestan og austan megin við rústina norðan til í rannsóknarreit. Hafa þær orðið fyrir raski að hluta þegar núverandi vegur og skeringar voru gerðar fyrir 40 árum. Miklar líkur eru á að þær raskist frekar þar sem skering vegar er uppvið þær auk þess sem búið er að opna svæðið að hluta til rannsóknna. Minjastofnun telur nauðsýnlegt að opnað sé stærra svæði til vesturs við tóftina til að hægt sé að kanna umfang, eðli og samhengi minjanna sem eru að koma í ljós og tengsl þeirra við rústina sem þegar hefur verið rannsökuð. Lagt er til að rannsóknarsvæðið sé stækkað til vesturs útfyrir lágt garðlag sem þar mótast fyrir.“⁵

⁴ 10. September 2018 MÍ201807-0045/ 6.10/ K.M.

⁵ 5. júní 2019 MÍ201905-0017/8.02/ I.S.K

2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Kostnaðaráætlun fyrir verkið var gerð og send til Vegagerðarinnar. Kostnaður af rannsókninni greiðist af Vegagerðinni.

2.4 Aðrar almennar upplýsingar

Rannsóknin fór fram í tveimur hlutum; fyrst dagana 14-25 maí 2019 og var framkvæmd af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur, Dr. Guðný Zoëga og Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttur, og dagana 18-30 ágúst 2019 og var [þá](#) framkvæmd af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur, Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttur, James McGovern, Kate Fitzpatrick og Jonathan Buttery. Grafa



Mynd 2. Fyrri uppgrafterhópurinn. Frá vinstri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir (Stjórnandi), Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Dr. Guðný Zoëga.

var notuð til að opna uppgraftarsvæðið. Gott veður var bæði í maí og ágúst en mikill þurrkur.



Mynd 3. Seinni uppgrafthópurinn, frá vinstri til hægri eru Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, James McGovern, Margret Hrönn Hallmundsdóttir, Kate Fitzpatrick og Jonathan Buttery.

2.5 Uppmælingarkerfi

Mörk uppgraftarsvæðis var mælt upp með Trimble junio 5 uppmælingakerfi, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

2.6 Aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina var notuð single-context aðferðafræði þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgrefti í Háskóla Íslands. Grafa með eins metra breiðri skóflu var notuð til að opna 10 x 10 m svæði yfir rústinni árið 2017. Svæðið var svo stækkað um 7.5 x 4m árið 2019 og var uppgraftarsvæðið alls 17.5 m á lengd og 14 m á breidd.

Kristinn Gylfason frá Suðurverki tók drónamyndir með öflugum dróna og vann úr þeim þrívíddarlíkan.

Gripir eru skráðir í *Sarp*, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning sumra merkt inn á teikningar. Teikningar voru bæði teiknaðar upp eftir drónamyndum með skala/ handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/20.

Breytingar urðu á rannsóknaráætlun og var hún gerð í samráði við Minjastofnun Íslands sem heimsóttu svæðið. Svæðið var stækkað til þess að rannsaka útbyggingu til vesturs sem var ekki mjög sýnileg á yfirborði þegar svæðið var opnað í september 2017.

2.7 Saga Kjaranstaðakots

Jörðin Kjaransstaðir koma fyrst fram í heimildum frá 1446, en þá er hún ein jarða Guðmundar Arasonar á Reykhólum⁶. Jörðin kemur svo aftur fyrir í heimildum frá 1570⁷: „Kjaransstader. Jarðadýrleiki xii, og so tíundast 4 tíundum“⁸. „Kjaranstaðir í útvestur. Þar kortur vegur til næsta bæjar. Stendur undir Kjaransstaðahorni við samnefnda á og Dýrafjörð, 12 Hdr. Þar er jarðasamt á vetrum, notagott fyrir fénað á sumrum, en hrjóstrugt, heyskaparlítið og næðingsamt.“⁹

Í Jarðabók Árna og Páls segir jafnframt: „*Kjaransstadakot heitir hjer eitt örnefni fyrir innan ána, þar sjást tóftarústir og girðingar, og því er sýnilegt, að þar hafi að fornu byggð verið, en hvört það hafi verið hjáleiga af Kjaransstöðum eður jörð fyrir sig, vita menn ekki. Ekki má hjer byggja aftur, því þetta pláts er yfirrunnið af aur og grjóti og uppblásið þar með í óberjumosamóa*“¹⁰.

2.8 Fjós og hlöður á Miðöldum

Nautgripir hafa við mikilvægur hluti af bústofni á Íslandi á fyrstu öldunum. Fornleifarannsóknir sem hafa verið gerðar á fjósum sýna fram á að fjósbyggingarnar hafa verið heldur myndarlegar og rúmað um 16-20 nautgripi.¹¹ Algengt var að á fyrstu öldum hafi meðalfjöldi nautgripa á hverjum bæ verið 10 kýr en árið 1703 virðast fjósin hafa minnkað og voru einungis fjórar til fimm kýr væru á hverjum bæ.

Þau fjós sem hafa verið grafin upp á Íslandi frá landnámsöld og miðöld eru lík að því leiti að þau eru flest með hellulögðum flór í miðjunni og básum meðfram veggjum. Fjósin stóðu oftast í halla og í um 20-40 m frá bæ, en þó eru til dæmi um meiri fjarlægð og sum sambyggð íveruhúsum. Hallinn á húsunum ásamt hellulagða flórnum gerði vinnu auðveldari við að koma út mykju og hlandi. Básar fjósanna voru á ýmsa vegu þ.e. básahellur reistar á rönd eða skil rúm úr timbri notað. Engar jötur hafa fundist og er líklegt að nautgripunum hefur verið gefið á gólfinu.¹²

Nokkuð hefur verið um rannsóknir á miðaldafjósum og hlöðum hér á landi og eru flestar þessara rannsókna frá 20. öld og eru staðsettar á Suðurlandi. Þar má nefna t.d. á Bergþórshvoli í Rangárvallasýslu (fyrir 12. öld), Hvítárholt í Árnessýslu (fyrir 12. öld), Stöng í Árnessýslu (aldur

⁶ Diplomatarium Islandicum. IV, 683-688.

⁷ Jarðabréf frá 16. og 17. öld

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín .VII. 1981, bls. 53.


⁹ Sóknaarlýsing Vestfjarða II, 55-56

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín VII. 1981, bls. 53.

¹¹ Birna Lárusdóttir, 2011, bls. 100-101.

¹² Birna Lárusdóttir, 2011, bls. 101-102.

um 1104), Sámsstaðir í Árnessýslu (aldur um 1104), Þórarinsstaðir í Árnessýslu (aldur um 1104), Laugar í Árnessýslu (aldur um 1104), Gröf í Austur Skafafellssýslu (aldur um 1362) og Lundur í Borgarfjarðarsýslu (aldur óviðtað).¹³ Tvö fjós frá hafa nýlega verið rannsökuð á norðurlandi, í Keldudal í Skagafirði (11-12.öld) og Sveigakoti í Mývatnssveit(10. öld).¹⁴



Mynd 4. Teikningar af fjósum sem voru rannsakaðar á 20. öld á Íslandi. Frá vinstri: Lundur í Borgarfjarðarsýslu (teikning eftir Voionmaa, 1939), Þórarinsstaðir í Árnessýslu (teikning eftir Kristján Eldjárn, 1949), Bergþórshvoll í Rangárvallasýslu (teikning eftir Kristján Eldjárn og Gísli Gestson, 1951), Gröf í Austur Skafafellssýslu (teikning eftir Gísli Gestsson, 1959), Sámsstaðir í Árnessýslu (teikning eftir Sveinbjörn Rafnsson, 1972) og Hvítárholt í Árnessýslu (teikning eftir Þór Magnússon, 1967).¹⁵

Fyrsti uppgröfturinn á fjósi hér á landi var gerð af Sigurði Vigfússyni á Lundi í Borgarfirði árið 1884. Þar taldi hann þó að um hofatóft væri að ræða þar sem stórt og mikið hús sem var tvískipt og mikilli hellulögn eftir miðju gólfinu endilöngu og lítil útbýgging til austurs. Hellulagða gólfíð var túlkað sem arinn og aðalhús og afhúsið túlkað sem veislusalur og goðastúka.¹⁶ Voionmaa rannaskaði svæðið aftur árið 1939 og komst að þeirri niðurstöðu að þar væri býli en ekki fjós.¹⁷ Kristján Eldjárn gerir athugasemd við túlkun á þessari hofatóft og býli árið 1964 þar sem hann segir að hús þetta geti ekki verið neitt annað en fjós, hlaða og lítil útbýgging. Þar segir hann að staðsetning fjóssins sé fremst á snar brattri brekkubrún og því ólíklegt að bæjarhús væru staðsett svo.¹⁸

Við fornleifarannsóknir hafa hlöðurnar oft verið fundnar sambyggðar fjósunum, annaðhvort sem endastæðar og **gegnið-gengið** inn á gafli fjóssins, líkt og á Lundi í Borgarfirði, eða samhliða fjósinu líkt og á Stöng í Þjórsárdal. Þær hlöður sem hafa verið rannsakaðar eru allar misstórar og voru þær fyrst og fremst notaðar til að geyma hey.

¹³ Orri Vésteinsson, 1989, bls. 19.

¹⁴ Guðný Zoëga, 2008; Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson, 2008.

¹⁵ Voionmaa, 1943; Kristján Eldjárn, 1949; Kristján Eldjárn og Gísli Gestson, 1952; Gísli Gestsson, 1959; Sveinbjörn Rafnsson, 1976; Þór Magnússon, 1972.

¹⁶ Sigurður Vigfússon. 1884, bls. 97-103.

¹⁷ Berson, Bruno, 2002, bls. 34.

¹⁸ Kristján Eldjárn, 1965, bls. 102-110.

Orri Vésteinsson tók saman stærð fjóshlaða og áætlaðan fjölda gripa í fjósum og áætlað fódur í hlöðu (Sjá Mynd 5). Þar nefnir hann að lítið samhengi sé á milli stærðar hlöðu og fjöldi gripa í fjósunum og að erfitt sé að áætla hversu mikið gripunum var gefið. Talið er að um hver kú þurfi um 1 m af plássi í fjósi þ.e. að í 10 m löngu fjósi hafi komist fyrir 20 kýr. Samkvæmt reikningi Gísla Gestsonar er gert ráð fyrir að 5-6m² af hlöðugólfi samsvarar vetrarfóðri fyrir eina kú, en sá útreikningur getur ekki hafa dugað til að fódra allar kýrnar í fjósunum sem eru nefndar í Mynd 5. og er líklegt að fódur hafi einnig verið geymt annarstaðar.¹⁹

TAFLA 2		FJÓSHLÖÐUR		
Staður	Stærð hlöðu í m ²	Lengd fjóss í m	Áætl. fjöldi gripa í fjósi	Áætl. kýrfóður í hlöðu
Bergþórshvoll	13,2	14	30	2-3
Hvítárholt	um 65	10-11	22-25	12-13
Stöng	40-52	10+	20-23+	7-9+
Sámsstaðir	12,6	8,6	20	2-3
? Þórarinsstaðir	13,2	7,6	14-15	2-3
? Laugar	28,8	11	20	5-6
Gröf	46,0	8,3-8,8	20	8-9
Lundur	29,2	9	20	5-6

Heimildir: Samanber tilvísanir 3-5.

Mynd 5. Tafla fengin úr grein Orra Vésteinssonar í tímaritinu Sagnir þar sem áætlaður fjöldi gripa í fjósi og áætlað kýrfóður í hlöðu er tekið saman samkvæmt stöðum þar sem er að finna fjós og hlöðu (Orri Vésteinsson.1989. bls 21)

2.9 Lýsing mannvirkja

Í fyrstu var svæðið yfir húsi A eða hlöðunni opnað árið 2017²⁰. Þá var opnað 10 x 10 m svæði og það svo stækkað um 7,5 m til vesturs árið 2019 til þess að opna yfir húsi B (fjósinu). Alls var uppgraftarsvæðið 17.5 x 14 m. Á milli húsa A og B er að því virðist tengibygging. Fjósið og hlaðan eru hluti af minjaheild á eyðibýlinu Kjaransstaðakoti þar sem er einnig að þar finna fjárborg, bæjarhús útihús og aðrar óþekktar rústir. Nærri fjósinu er hringlaga hlaðið fjárbirgi sem á Vestfjörðum kallast Hlað og líklegt er að það sé yngri bygging. Vestur af því er ílöng bygging sem eru bæjarhúsin og er leng þeirra um 25 m. Þrjú önnur hús eru greinileg og þrjú komu fram í könnunarskurðum árið 2017. Margar byggingar eru því á bæjarstæðinu. Þau hafa öll verið skráð.

Alls voru 12 gripir fundnir við uppgröftinn og fjórir pokar teknir í sýni

¹⁹ Orri Vésteinsson. 1989, bls 20-21.

²⁰ Margrét Hallmundsdóttir. 2018, bls 10.



Mynd 6. Hér sést Uppgraftarsvæðið auk hluta af minjaheild á eyðibýlinu Kjaransstaðakot þar sem er einnig að finna hringlaga fjårborg, bæjarhús (fjårborg og bæjarhús teiknuð með svörtu) útihús og aðrar óþekktar rústir.

2.9.1 Hlaða (Hús A)

Rétt undir yfirborði [200] komu í ljós veggir byggingarinnar [201] sem voru hlaðnir úr torfi og með stóru grjóti. Veggir rústarinnar voru um 0,70 m háir, þar sem hann er hæstur og 1.5 m á breidd þar sem hann var breiðastur. Hlaðan er um 12 m á lengd og 5,5 m á breidd. Yfir veggjum og gólfi var mikið torfhrun [202] sem innihélt mikið af þakskífum og grjóthruni úr veggjum [204]. Benti þetta til þess að þakið hafði fallið inn í húsið. Undir hruninu kom í ljós gólf hlöðunnar [203] sem var hellulagt og voru þar stórir flatir steinar sem náðu alveg út að veggjum. Engir básar voru sjáanlegir og var því líklegt að þetta væri hlaðan en ekki fjós eins og var haldið árið 2017 þegar prufuskurðurinn var grafinn. Innanmál hlöðunnar er 11 m á lengd og um 2,5 m á breidd. Líklega hefur húsið verið lengra, en norður hlið rústarinnar hefur verið raskað vegna vegagerðar um miðja síðustu öld.

Undir hellugólfi [203] var annað hellugólf [222]. Steinarnir í efra hellugólfinu voru sléttari en hellurnar undir þær staðsettar í miðju rústarinnar og náðu ekki upp að veggjum líkt og efra hellugólfið. Á milli hellugólfanna var torflag [225]. Í torfinu var mikið af ösku og móösku og var það túlkað sem líklegt uppfyllingarefni sem sett var niður til þess að jafna undirlag fyrir yngri steinhellum [203]. Undir hellugólfi [222] var náttúrulegur jarðvegur og möl.

Ein greinileg stoðarhola [223] fannst í gólfi og þrjár líklegar stoðarholur [226], [227], [228] voru skráðar. Þær voru staðsettar þar sem vantaði hellu í gólfi, en enginn skurður var fyrir stoðunum. Stoðarhola [223] var hringlaga og hafði svarta kolasmítaða fyllingu [224]. Allar stoðarholurnar voru í línu við mitt gólf í hlöðunni.



Utan við austur hlið hlöðunnar var steinahrún [205] og voru þar stórir steinar sem hafa fallið út frá vegg. Ofan og sunnan við steinahrúnið var litríkur torfveggur [206] sem gengur út frá húsinu til austurs. Árið 2017 var þessi veggur túlkaður sem rétt/aðhald þar sem hann kom fram í prufuskurði 2017. Þetta gæti líka verið bygging sem hefur verið samtengd. En ljóst er að skriða féll líka á það mannvirki hver svo sem notkun þess hefur verið. Þetta eru því sterkar vísbendingar að mannvirki séu beggja vegna, þ.e. við hliðina á hlöðunni til austurs og við hlið fjóssins til vesturs.

Yfir hrúni og torfvegg hafa fjórar skriður [213],

tvær stórar og tvær minni, lent meðfram veggjum hlöðunnar. Þessar skriður fundust ekki meðfram öllu húsinu og voru einungis að sunnan og rétt meðfram veggjum að austan og vestan. Engar skriður voru að finna innan hlöðunnar og er líklegt að skriðurnar hafa fallið á húsið þegar það var enn að mestu uppistandandi.

Mynd 8. Unnið við að fjarlægja efra hellugólf [203] sem sjást hér ofan á hellugólfi [225].



Mynd 7. Stoðarhola [223] fundin í gólfi á hlöðu.



Mynd 9. Fjólublái liturinn sýnir hvernig skriðurnar lágu við húsin.

2.9.2 Fjós (Hús B)

Hús B eða fjósið var ekki eins greinilegt og hlaðan á yfirborði. Húsið kom í ljós við uppgröft utan við hlöðuna í maí og var því ákveðið að stækka svæðið. Undir yfirborði [200] voru veggir úr torfi og grjóti, en áberandi minna var af grjóti í veggjum miðað við hlöðuna. Hæð veggja var um 0,30 m þar sem hann var hæstur og um 1 m á breidd þar sem hann var breiðastur. Húsið er um 10,5 m á lengd og um 4.5 m á breidd.

Torfhrun [209] úr veggjum og þaki lá yfir innbyggðri rústarinnar. Merkilega lítið var um þakskífur miðað við fjöldann sem fannst yfir hlöðunni og tengibyggingu. Undir hruninu var hellulagður flór [210] úr sléttum og flötum steinum. Flórinn var fyrir miðju og voru básar [221] sitthvoru megin við hellurnar. Kom þá í ljós að þetta væri fjós með hellulögðum flór í miðju og básum líkt og tíðkaðist á miðöldum. Básarnir hafa líklega verið úr steini, þar sem tvær básahellur fundust en líklega hafa einnig verið básar úr timbri. Innanmál fjóssins var um 9,5 m á lengd og 3,5 m á breidd. Flórinn var um 9 m langur og 1 m breiður. Básarnir voru um 1- 1,5 m á breidd sitthvoru megin við flórinn. Mikið hrun var yfir básunum austan megin og var erfitt að greina hvar básarnir höfðu staðið.





Mynd 10. Veggir fjóssins eru lægri en veggir hlöðunnar eins og sést hér að ofan.

Skriður [213] féllu einnig upp að húsinu og lentu þær meðfram veggjum fjóssins. Þessar skriður fundust ekki meðfram öllu húsinu og voru einungis að sunnan og rétt meðfram veggjum að austan og alla vestur hlið hússins. Undir þessum skriðum var blandað torf og rauðlituð malar skriða [211]. Þessi skriða stoppar á einhverju á milli húsanna og fer meðfram fjósinu að vestan. Skriðan var ekki



Mynd 11. Hér sjást malarskriður sem höfðu fallið niður á húsin. Sniðið er við suður enda uppgraftarsvæðis.

sjáanleg við vegg hlöðunnar. Engar skriður voru að finna innan fjóssins og er líklegt að þær hafi fallið að húsinu meðan það var enn að mestu uppistandandi.

Undir blandaða torf og rauðu malarskriðunni [211] var svart kolasmítað lag [212] sem var að finna á suður og vestur hlið fjóssins. Svarta lagið stoppar við tengibygginguna á milli húsanna og var ekki að finna í kringum hlöðuna. Þetta lag er líklegast vindborið traðkað yfirborð.

Í norðvestur horni innan fjóssins var svartur kolablettur [220] undir hrúni [209] og yfir kolasmítuðu lagi [212] (Mynd 12). Líklega er þetta starfsemi eftir að fjósið er í notkun.



Mynd 12. Kolablettur [220] sem var staðsettur í norðan til við vestur vegg fjóssins.

Vestan við fjósið er renna [216] sem liggur suður-norður niður hliðina meðfram húsinu (Mynd 13. Rennan hefur aflíðandi hliðar og flatan botn og var stungin í gegnum svart kolasmítað lag [212] niður í náttúrulegan jarðveg. Fylling rennunnar [217] var milli þétt blanda af torfi og mól með kolasmíti. Mikið var af misstórum steinum og virðist sem sumir hafi verið settir upp á rönd á meðan aðrir virtust vera hrún. Líklega hefur þessi renna verið til að hleypha vatni niður brekkuna og að nautgripunum.



Mynd 13. Renna [216] staðsett vestan megin við fjósið. Líklega verið til þess að hleypha vatni niður.

2.9.3 Tengibygging milli fjóss og hlöðu

Á milli húsa var tengibygging [207] sem var byggð úr torfi og grjóti. Undir yfirborðinu [200] var blandað yfirborðslag og hrun [214]. Í laginu var mikið af þakskífum og var það heldur meira en var yfir fjósinu.

Í fyrstu var talið að tveir gangar væru á milli húsanna en við úrvinnslu gagna var komist að þeirri niðurstöðu að það sem var talið vera suður inngangur væri í raun hrun úr vegg og þaki. Skýring á því er að hellurnar voru þunnar eins og þakskífur



Mynd 14. Hellugrjót [218] í tengibyggingu [207] sem virtist mynda gang á milli húsanna. Kom í ljós að þetta væri líklegast hrun í stað inngangs.

og voru staðsettar ofarlega undir yfirborði í lagi [214] og lágu ofan á þykkum vegg [219] sem var á milli húsanna (Mynd 16).

Norðan til á milli húsanna var gangur [215]. Gangurinn var hellulagður með stóru grjóti og fundust hurðasteinar sitthvoru megin við innganginn inn í hlöðuna (Mynd 14). Veggur á innganginn var sunnanverðum þykkur [219] og var hlaðinn úr strengjatorfi. Veggurinn á mótí var horfin vegna vegarins. Veggurinn var 3,5 m langur og 2 m breiður (Mynd 15). Öruggt er talið að þessi gangur eða útskot tengist fjósinu, hinsvegar vegna röskunar sem varð á enda bygginganna er *möguleiki* að um sé að ræða hellulagðan útgang úr fjósinu eða bás sem hefur verið byggður aðeins út. t.d fyrir naut. Það sem mælir helst með því er hversu ólíkar byggingarnar eru að byggingargerð og að torfið í þær er ekki tekið á sama stað torfið í fjósinu var mun rauðleitara. Þátt fyrir það er það tilfinning þeirra sem unnu við uppgröftinn að frekar sé um að ræða gang á milli bygginganna þó ólíkar séu.



Mynd 15. Inngangur/tengibyggging [215] veggur úr streng sést við mælistiku [219] veggur á móti er horfin og mikið rask sést þar á myndinni.



Mynd 16. Veggur [219] í tengibygggingu [207] þar sést strengjatorfið.

2.10 Túlkun

Í fyrstu var talið að hús A væri fjós í könnunarskurði C sem var grafinn í september 2017²¹. Með frekari rannsókn í maí og ágúst 2019 kom í ljós að hús A væri líklega hlaðan og hús B væri fjósið. Fjósið á Kjaranstaðarkoti er líkt þeim fjósum sem hafa verið rannsökuð og aldursgreind frá 11-14. öld á Íslandi, þar sem hellulagður flór er í miðju hússins og básar til hliðanna.


Ef skoðað er útreikning þar sem um 1 m í fjósi á að duga fyrir hverja kú má reikna svo að í 9,5 m (innanmál) löngu fjósinu hafi komist fyrir um 18-20 kýr. Til að áætla vetrarfóður sem geymt var í hlöðunni þá er innanmál hlöðunnar 11 x 2,5 m og því 27,50 m² að grunnfleti. Þýðir það að í hlöðunni hafi verið vetrarfóður fyrir 5-6 kýr. Ekki hefur þetta dugað til að fódra nema brot af gripunum í fjósinu og því gat hey verið geymt annarstaðar eða kúnum beitt um veturinn

Í fyrstu virtist hlaðan hafa tvo fasa þar sem tvöfalt hellulaglagt gólf með örlitlum jarðveg á milli var að finna í húsinu. Þetta tvöfalda gólf gæti verið lagt halda heyinu þurru. Þegar hey var sett inn í hlöðu var það oft ekki alveg þurrt og til þess að koma í veg fyrir að heyið skemmdist þurfti loft að komast inn og einhver leið fyrir vatn og raka að komast út úr húsinu. Ef fjósin voru of þétt þá gat heyið hitnað og jafnvel kviknað í. Því var nauðsynlegt að mikill dragsúgur kæmist inn í hlöðuna til að halda heyinu þurru.²² En þar sem loft kemst inn fylgir því oft seytilandi vatn. Mögulega er þessi tvöfalda hellulögn einhverskonar einangrun til þess að koma í veg fyrir að vatn komi upp með gólfinu eða að þetta sé leið fyrir vatnið að renna á milli efra hellugólfs niður á það neðra og þaðan niður í jarðveginn. Ekki voru að finna merki um bása í þessu húsi og því líklegast um hlöðu að ræða.

Fjósið var byggt með öðrum hætti en hlaðan og var það byggt úr strengjartorfi með einfaldri grjóthleðslu undir veggjum. Hlaðan var er byggð þannig að grjót myndaði út og innveggi en torf var haft á milli. Veggir hlöðunnar voru því greinilegri og hærri en veggir fjóssins. Í hlöðunni voru að finna stoðarholur í gólfi fyrir miðju hússins. Engar stoðarholur voru sjáanlegar í fjósinu en líklega voru stoðarsteinar notaðir. Mikið af þunnu smáu hellugrjóti lá yfir báðum húsunum og hefur það verið notað í þak þessara bygginga undir torfi. Meira var af þakhellum yfir hlöðunni og tengibyggingu.

²¹ Margrét Hallmundsdóttir, 2018, bls 10.

²² Orri Vésteinsson, 1989, bls. 23-24.



Mynd 17. Teikning af fjósi og hlöðu. Þar sést hvernig húsín hafa mismunandi byggingalag.



Mynd 18. Þrívíddarmynd af húsunum á meðan rannsókn stóð. Mynd Kristinn Gylfason.

Tengibygging var á milli húsanna með gangi. Gangurinn tengir fjósið og hlöðuna og bendir til þess að þau hafi verið notuð samtímis á einhverjum tímapunkti. Steinn með gati í miðju [F#12] var í

innangi utan við vegg hlöðunnar sem var mögulega hurðasteinn eða til að festa eitthvað með bandi. Stór flatur steinn með holu sem var fyllt með járn var á móts við stein [F#12] innan veggjar hlöðunnar. Gangurinn hafði hellulagt gólf líkt og fjósið og hlaðan.



Mynd 19. Stór steinn með gati sem var fyllt með járn. Steinninn var ekki tekinn sem gripur þar sem hann var svo stór og var einnig hluti af byggingu hlöðunnar.

Þú hefur þeim möguleika verið velt upp að gangurinn gæti verið útgangur úr fjósinu, en öruggt er talið að hann tilheyrir því. Það rask sem orðið hefur á endum beggja bygginga og annari hlið gangsins/útgangsins gerir það að verkum að báðir möguleikar koma til greina þó að rannsakendur hallist frekar á þá skoðun að um sé að ræða tengingu á milli bygginganna.


Alls fundust 12 gripir við uppgröftinn á fjósinu og hlöðunni. Við hlöðuna fannst eitt brot af rauðum snældusnúði [F#2] og lítill kopar gripur [F#1] með óþekkt hlutverk í hrúni úr veggjum [202], óbrennt bein [F#5] fannst í hrúni út frá veggjum [205] og járn nagli [F#10] fannst í stoðarholu [223]. Í fjósinu fundust tveir járn naglar [F#7, F#11] einn í hrúni innan hússins [209] og annar í hrúni utan við húsið [211]. Í tengibyggingu [207] fundust járn naglar [F#3, F#4] og óbrennt dýrabein [F#6]. Hurðasteinn [F#12] fannst við inngang [215] utan við vegg hlöðunnar. Tveir gripir fundust í rennu [217] vestan við fjósið; gjall moli [F#8] og járnþúfur [F#9] með óþekkt hlutverk.

Fjögur sýni voru tekin við uppgröftinn; þrjú í og við hlöðuna og eitt úr fjósinu. Við hlöðuna voru sýni tekin af viðarbútum sem fundust undan hrúni út frá veggjum [205] austan megin, sýni undan

eldra hellugólfi [222] og sýni úr fyllingu stoðarholu [223]. Sýni var tekið úr svörtum kolablett [220] í fjósinu. Sýni eru greind hjá SUERC í Skotlandi.

Fjósið og hlaðan á Kjaransstaðakoti eru fyrst miðalda fjósið sem hefur verið rannsakað og grafið að fullu á Vestfjörðum. Flest miðaldafjós sem hafa verið rannsökuð á Íslandi eru staðsett á Suðurlandi og voru mörg þeirra byggð saman sem eitt langt hús eða að hlöðurnar voru byggðar sem útskot úr fjósunum.

Fjósið á Kjaransstaðakoti líkist mest miðaldafjosi og hlöðu sem var rannsakað á Stöng í Þjórsárdal. Þar eru húsin samhliða líkt og fjósið og hlaðan á Kjaransstaðakoti. Fjósið á Stöng hafði hellulagðan flór og bása meðfram veggjum en austur endinn á bæði fjósinu og hlöðunni hafði verið raskaður og endi húsanna horfinn. Hlaðan hafði að vísu ekki hellulagðan flór líkt og hlaðan á Kjaransstaðakoti og ekki tengibyggingu á milli.



Mynd 20. Fjós og hlaða á Stöng í Þjórsárdal. Teikning eftir A. Rousell, 1939. Fjósið og hlaðan eru samhliða líkt og fjósið og hlaðan á Kjaransstaðakoti. Fjósið hefur hellulagðan flór og bása meðfram veggjum.

3. Niðurstöður

Húsin tvö bera öll merki þess að vera frá tímabilinu frá landnámi til miðalda. Á 14. öld eru merki þess að nautgriparækt hafi farið dvínandi og hin stóru fjós hverfa. Engin gjóskulög finnast í Dýrafirði og því ekki hægt að aldursgreina út frá þeim og vegna eðlis þessara bygginga fundust engin afgerandi sýni sem hægt var að aldursgreina þessi verður freistað að reyna að aldursgreiningu bruna sem fannst neðst í stoðarholu. Aldursgreiningin er því að svo stöddu eingöngu út frá gerð húsa miðað við sambærileg hús sem hafa verið aldursgreind. Í Kjaransstaðakoti eru sem eru ílöng og virðast skiptast í rými. Þar er einnig stórt ílangt hús í til vestur við túnendann sem gæti verið stórt fjárhús. Einnig eru vísbendingar byggingar beggja vegna við fjósið og hlöðuna

Austan við hlöðuna er torfveggur sem liggur beint að hlið hennar og kom sá torfveggur fram í skurði sem tekni var 2017 um 3-4 m frá hlöðunni. Greinilegt er að skriður falla á þessi hús á meðan þau uppistandandi og lenda þær á göflum og renna meðfram húsum²³.

Ekki er neitt sem bendir til þess að þessi jörð sé neitt kotbýli miðað við fjölda og stærð bygginga. Nafnið Kjaransstaðakot kemur síðar og eru rústirnar nefndar þessu nafni í jarðabók árið 1710. Mögulega er þetta frumbýli Kjaransstaða sem hefur síðan verið flutt vegna endurekinna skriðufalla enda mun minni hætta á skriðum þar sem Kjaransstaðir standa í dag. Þetta eru allt vangaveltur og allt eins líklegt að búið hafi verið á báðum stöðum.

Það er hinsvegar ljóst að þetta er frekar stórt miðaldabýli sem hefur orðið fyrir skriðuföllum. Það sem vakti athygli er hversu ólíkar byggingarnar eru að gerð sem að öllu jöfnu ætti að benda til þess að þær væru ekki samtíða en tengibygging á milli þeirra gefur hinsvegar tilefni til að túlka þær sem samtíða. Þó verður að taka þann fyrirvara að við endann á byggingunum er raskið vegna vegs og vantar endann á bæði húsin sem og aðra hlið á gangi/útgangi sem hefur verið túlkuð sem tengibygging. Mögulega er um að ræða útgang úr fjósi, eða bás t.d fyrir naut. Hinsvegar er öruggt að þetta útskot, hvað tilgangi sem það kann að hafa þjónað er samtíða fjósinu.

Uppgröftur á bæjarhúsum myndi svara mörgum spurningum en þar sem þau eru ekki í hættu verður það verkefni að bíða síðari tíma.

Við lok rannsóknar var jarðvegsdúkur settur yfir allt svæðið og sá jarðvegur sem var fjarlægður við uppgröftinn settur yfir. Síðar verður sett grasfræ yfir svo það blandist inn í umhverfið. Ekki er talið að fjósið og hlaðan séu í frekari hættu vegna vegframkvæmdanna því vegurinn og vegskerðingin fer ekki lengra en það er nú.

²³ Margrét Hallmundsdóttir. 2018, bls 13-14.

3.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá)

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
201	Hús	2017	MH	Hús A. Hlaða með stórum steinum í veggjum.
202	Hrun í húsi A	2017	MH	Hrun úr veggjum í húsi A. Bæði inni í rúst og utan við vegg.
203	Hellulagður flór í húsi A	2017	MH	Hellulagað gólf í húsi A.
204	Steinahrún	2017	MH	Hrun úr veggjum. Árið 2017 var haldið að þetta væru básar en kom í ljós í uppgreftri árið 2019 að þetta væri hrun.
205	Hrun utan við hús A	2017	MH	Hrun beggja vegna við hús A. Stórt grjót og torf.
206	Veggur utan við hús	2019	MH	Torfveggur sem gengur að austur hlið á húsi A og er sami veggur og grafinn var árið 2017 of var túlkað sem stétt þá.
207	Hleðslur	2019	MH	Bygging/ hleðslur milli húsa A og B
208	Veggur í húsi B	2019	MH	Torf og grjót veggir af húsi B (fjösi), lægri en hús A
209	Hrun í húsi B	2019	MH	Hrun inn í hús B, engar þakskífur en mikið torf.
210	Hellulagður flór í húsi B	2019	MH	Hellulagður flór í miðju. Básar í vestur hlið.
211	Hrun utan við hús B	2019	MH	Hrun utan við hús B. Litlar skriður komið í hrun húsins.
212	Lag	2019	MH	Svart lag við vestur vegg (utan við) hús B
213	Skriður	2019	MH	Skriðu spýjur sem falla á húsið
214	Yfirborðslag	2019	MH	Yfirborðslag milli húsa A og B
215	Inngangur	2019	MH	Inngangur í hús A, Stór hella og hurðasteinn.
216	Renna	2019	KSR	Renna vestan við hús B sem liggur í norður-suður
217	Fylling í rennu	2019	KSR	Fylling í rennu vestan við hús B
218	Inngangur, Hrun	2019	KSR	Efri inngangur á milli húsa A og B. Kom í ljós að væri hrun
219	Veggur	2019	KSR	Veggur milli innganga á milli húsa A og B
220	Lag	2019	KSR	Svartur kolablettur við endann, norðvestur horn á húsi B
221	Básar í húsi B	2019	KSR	Básar í húsi B sitthvoru megin við flórinn
222	Hellulagður flór	2019	KSR	Eldri hellugólf undir hellugólfi [203] í húsi A
223	Stoðarhola	2019	KSR	Svört stoðarhola í gólfi í húsi A
224	Fylling í stoðarholu	2019	KSR	Fylling í stoðarholu [223] í gólfi í húsi A

225	Torf	2019	KSR	Torf á milli hellna [203] og [222] í húsi A
-----	------	------	-----	---

3.2 Fundaskrá

Funda nr.	Context	Dagsetning	Nafn	Gripur /efni	Lýsing
1	202	23/8/2019	KSR	Kopar	Smá kopar gripur með gat í miðjunni
2	202	23/8/2019	MH	Steinn	1/4 úr rauðum snældusnúð
3	207	23/8/2019	KF	Nagli/ Járn	Járn nagli
4	207	23/8/2019	KF	Nagli/ Járn	Járn nagli
5	205	23/8/2019	KF	Bein	Óbrennt bein
6	207	23/8/2019	KF	Bein	Óbrennt bein
7	209	23/8/2019	JB	Nagli/ Járn	Járn nagli
8	217	27/8/2019	KSR	Gjall	Gjall moli sem fannst í fyllingu í rennu [216]
9	217	27/8/2019	KSR	Járn	Járn bútur sem fannst í fyllingu í rennu [216]
10	224	27/8/2019	KSR	Nagli/ Járn	Nagli fundinn í stoðarholu [223] í húsi A
11	211	15/8/2019	KSR	Nagli/ Járn	Nagli fundinn í hruni út fyrir hús B
12	215	28/8/2019	KSR	Steinn	Hurðasteinn með 2 götum

3.3 Sýnaskrá

Sýni nr	Context	Stærð/ gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	205	1 poki	23/8/2019	KF	Viðarbútar úr hruni utan við hús A
2	222	1 poki	28/8/2019	KSR	Sýni undan eldri hellugólfi í húsi A
3	224	1 poki	28/8/2019	KSR	Sýni úr stoðarholu [223] í húsi A. Mikið af kolamolum.
4	220	1 poki	28/8/2019	KSR	Sýni úr svörtum brunabletti í húsi B

3.4 Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	2708	N	14/8/2019	KF	Viðarbútar í hruni í húsi A C#(205), S#1
2	2709	N	14/8/2019	KF	Viðarbútar í hruni í húsi A C#(205), S#1


3	2710	N	14/8/2019	KF	Viðarbútar í hruni í húsi A C#(205), S#1
4	2711	N	14/8/2019	KF	Viðarbútar í hruni í húsi A C#(205), S#1
5	2712	N	14/8/2019	KF	Viðarbútar í hruni í húsi A C#(205), S#1
6	2713	W	15/8/2019	JMG	Þversnið snýr austur í þrúfuskurði með stein
7	2714	W	15/8/2019	JMG	Þversnið snýr austur í þrúfuskurði með stein
8	2715	S	15/8/2019	JMG	Þversnið snýr norður í þrúfuskurði með stein
9	2716	S	15/8/2019	JMG	Þversnið snýr norður í þrúfuskurði með stein
10	2717	NA	19/8/2019	KF	Mynd af suður enda C#207. Mögulegur veggur milli hús A og B
11	2718	NA	19/8/2019	KF	Mynd af suður enda C#207. Mögulegur veggur milli hús A og B
12	2719	NA	19/8/2019	KF	Mynd af suður enda C#207. Mögulegur veggur milli hús A og B
13	2720	NA	19/8/2019	KF	Mynd af suður enda C#207. Mögulegur veggur milli hús A og B
14	2721	NA	19/8/2019	KF	Mynd af suður enda C#207. Mögulegur veggur milli hús A og B
15	2722	NA	19/8/2019	KF	Mynd af sniði í gegnum C#209. Hrunniður á náttúrulegt.
16	2723	NA	19/8/2019	KF	Mynd af sniði í gegnum C#209. Hrunniður á náttúrulegt.
17	2724	NA	19/8/2019	KF	Mynd af sniði í gegnum C#209. Hrunniður á náttúrulegt.
18	2725	NA	19/8/2019	KF	Mynd af sniði í gegnum C#209. Hrunniður á náttúrulegt.
19	2726	SV	19/8/2019	MH	Torf veggur [209] milli húsa. Þversnið snýr í norður
20	2727	S	22/8/2019	MH	Torf veggur [209] milli húsa. Þversnið snýr í norður
21	2728	S	22/8/2019	MH	Nærmynd af streng í torfvegg [219]
22	2729	S	22/8/2019	MH	Nærmynd af streng í torfvegg [219]
23	2730	S	22/8/2019	MH	Nærmynd af streng í torfvegg [219]
24	2731	S	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt
25	2732	S	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt
26	2733	V	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt
27	2734	V	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt
28	2735	V	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt
29	2736	-	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt

30	2737	-	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt
31	2738	-	22/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af þversniði í torfvegg [219] og stétt
32	2739	V	23/8/2019	JB	Mögulegur veggur og hrun ofan á C#210
33	2740	V	23/8/2019	JB	Mögulegur veggur og hrun ofan á C#210
34	2741	SA	23/8/2019	JB	Hrun ofan á C#210
35	2742	SA	23/8/2019	JB	Hrun ofan á C#210
36	2743	SV	23/8/2019	JB	Sýnir mögulegan vegg og hrun ofan á C#210
37	2744	SV	23/8/2019	JB	Brunablettur norðvestur horni hús B [220]
38	2745	SV	23/8/2019	JB	Brunablettur norðvestur horni hús B [220]
39	2746	SV	23/8/2019	JB	Brunablettur norðvestur horni hús B [220]
40	2747	SV	23/8/2019	JB	Brunablettur norðvestur horni hús B [220]
41	2748	SV	23/8/2019	JB	Yfirlitsmynd af húsi B
42	2749	SV	23/8/2019	JB	Yfirlitsmynd af húsi B
43	2750	S	23/8/2019	JB	Yfirlitsmynd af húsi B
44	2751	S	23/8/2019	JB	Yfirlitsmynd af húsi B
45	2752	N	23/8/2019	KSR	Mid-ex af rennu [216]
46	2753	N	23/8/2019	KSR	Mid-ex af rennu [216]
47	2754	A	23/8/2019	KSR	Mid-ex af rennu [216]
48	2755	S	23/8/2019	KSR	Mid-ex af rennu [216]
49	2756	NA	23/8/2019	JB	Mögulegur veggur og hrun ofan á C#210
50	2757	NA	23/8/2019	JB	Mögulegur veggur og hrun ofan á C#210
51	2758	NA	23/8/2019	JB	Mögulegur veggur og hrun ofan á C#210
52	2759	NA	23/8/2019	JB	Mögulegur veggur og hrun ofan á C#210
53	2760	V	23/8/2019	JB	Mögulegur veggur og hrun ofan á C#210
54	2761	N	23/8/2019	KSR	Post-ex af rennu [216]
55	2762	N	23/8/2019	KSR	Post-ex af rennu [216]
56	2763	S	23/8/2019	KSR	Post-ex af rennu [216]
57	2764	S	23/8/2019	KSR	Post-ex af rennu [216]
58	2765	V	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í austur
59	2766	V	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í austur
60	2767	N	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í suður
61	2768	N	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í suður

62	2769	A	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í vestur
63	2770	A	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í vestur
64	2771	S	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í norður
65	2772	S	23/8/2019	KSR	Vestur veggur á húsi B, þversnið snýr í norður
66	2773	A	23/8/2019	KSR	Vinnumynd
67	2774	-	23/8/2019	JB	Hrun yfir mögulegri stoðarholu
68	2775	-	23/8/2019	JB	Hrun yfir mögulegri stoðarholu
69	2776	-	23/8/2019	JB	Hrun yfir mögulegri stoðarholu
70	2777	A	28/8/2019	KSR	Pre-ex af stoðarholu [223]
71	2778	A	28/8/2019	KSR	Pre-ex af stoðarholu [223]
72	2779	S	28/8/2019	KSR	Yfirlitsmynd af húsi A með stoðarholu [223]
73	2780	A	28/8/2019	KSR	Stoðarhola [223] þversnið snýr í vestur
74	2781	A	28/8/2019	KSR	Stoðarhola [223] þversnið snýr í vestur
75	2782	V	28/8/2019	KSR	Hurðasteinn með járn í húsi A
76	2783	V	28/8/2019	KSR	Nærmynd af hurðasteini með járn
77	2784	V	28/8/2019	KSR	Hurðasteinn með járn í húsi A
78	2785	V	28/8/2019	KSR	Hurðasteinn með járn í húsi A
79	2786	A	28/8/2019	KSR	Post-ex af stoðarholu [223]
80	2787	A	28/8/2019	KSR	Post-ex af stoðarholu [223]
81	2788	A	28/8/2019	KSR	Post-ex af stoðarholu [223]
82	2789	S	28/8/2019	KSR	Uppgriftarsvæði með þversnið snúandi norður
83	2790	S	28/8/2019	KSR	Uppgriftarsvæði með þversnið snúandi norður
84	2791	S	28/8/2019	KSR	Uppgriftarsvæði með þversnið snúandi norður
85	2792	V	28/8/2019	KSR	Post-ex af [220]
86	2793	V	28/8/2019	KSR	Post-ex af [220]
87	2794	S	28/8/2019	MH	Yfirlitsmynd af húsi B
88	2795	SA	28/8/2019	MH	Vinnumynd
89	2796	S	28/8/2019	MH	Mynd af þversniði í vegg [219]
90	2797	S	28/8/2019	MH	Vinnumynd
91	2798	S	28/8/2019	MH	Vinnumynd
92	2799	S	28/8/2019	MH	Hella í húsi A
93	2800	A	28/8/2019	MH	Stétt/ hellur við inngang (215)
94	2801	SV	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæði með inngang/hrun [218]
95	2802	A	28/8/2019	MH	Inngangur [215]
96	2803	N	28/8/2019	MH	Hellulagður flór í húsi B
97	2804	A	28/8/2019	MH	Mynd af steinum
98	2805	S	28/8/2019	MH	Hús A

99	2806	S	28/8/2019	MH	Veggur í húsi A
100	2807	S	28/8/2019	MH	Veggur í húsi A
101	2808	V	28/8/2019	MH	Mynd af þversniði eftir að bruni var fjarlægður í húsi B
102	2809	S	28/8/2019	MH	Renna
103	2810	-	28/8/2019	MH	Svart lag í kringum vegg í hús B
104	2811	-	28/8/2019	MH	Svart lag í kringum vegg í hús B
105	2812	SA	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu
106	2813	S	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu
107	2814	S	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu, hús A
108	2815	S	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu, hús A
109	2816	S	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu, hús A
110	2817	-	28/8/2019	MH	Sjálfa
112	2818	N	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu, hús A
113	2819	N	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu, hús A
114	2820	N	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu, hús A
115	2821	NA	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu, hús A
116	2822	N	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu hús B
117	2823	N	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu hús B
118	2824	NA	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu hús A
119	2825	NA	28/8/2019	MH	Yfirlit af svæðinu hús A
120	2826	-	28/8/2019	MH	Sjálfa

3.5 Flæðirit (Harris Matrix)



Heimildarskrá

- Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.
- Berson, Bruno. 2002. A contribution to the study of medieval Icelandic farm: the byre. *Archaeologica Isalndica. Rit Fornleifastofnunar Íslands 2*. Ritstj. Gavin Lucas, bls. 34-60.
- Diplomatarium Islandicum Íslenzkt fornbréfasafn 1944-1949*. Fjórtaða bindi. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenzka bókmentafélagi, Reykjavík.
- Gísli Gestsson. 1959. Gröf í Öræfum. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1959*, bls. 5-87. Ísafoldaprentsmiðja H.F. Reykjavík.
- Guðný Zoëga. 2008. *Keldudalur í Hegrnesi. Fornleifarannsóknir 2002-2007*. Byggðasafn Skagfirðinga, smárit 10.
- Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson (ritstjórar). 2008. *Archaeological investigations at Sveigakot 2006*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, FS376-00217.
- Kristján Eldjárn. 1949. Eyðibygð á Hrunamannaafreitti. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1943-48*, bls. 1-43. Ísafoldaprentsmiðja H.F. Reykjavík
- Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson. 1952. Rannsóknir á Bergþórshvoli. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1951-52*, bls. 5-75. Ísafoldaprentsmiðja H.F. Reykjavík
- Kristján Eldjárn. 1965. Athugasemd um fornar tóftir á Lundi í Lundareykjadal. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1964*, bls.102-110. Ritstj. Kristján Eldjárn. Ísafoldaprentsmiðja H.F. Reykjavík.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Caroline Paulsen. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV.nr.07.08.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2017. *Fornleifakönnun vegna lagningu á rafstreng að Dýrafjarðargöngum*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV.nr.17-17.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018. *Könnunarskurðir vegna vegframkvæmda að Dýrafjarðargöngum*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 04-18.
- Orri Vésteinsson. 1989. Mygluskán og hálfblautur ruddi, Hvernig geymdu menn hey til forna. *Sagnir: tímarit um söguleg efni*, Ritstj. Theodóra Þ. Kristinsdóttir. 10 árg. Félag sagnfræðinema við Háskóla Íslands, bls. 18-26.
- Sigurður Vigfússon. 1884. Hoftóftin á Lundi í Syðra Reykjadal. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1884-1885*, bls. 97-103. Ísafoldaprentsmiðja H.F. Reykjavík.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra átthagafélaga.
Reykjavík, 1952. Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Sveinbjörn Rafnsson. 1976. Sámsstaðir í Þjórsárdal. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1976*, bls 61-138. Ísafoldaprentsmiðja H.F. Reykjavík.

Voionmaa, Jouko. 1943. Lundur. *Fortida gårdar i Island. Nordiska arkeologiska undersökningen i Island 1939*, ritstj. Stenberger, bls. 171-190.

Þór Magnússon. 1972. Sögualdabyggð í Hvítárholti. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1972*, bls 5-80. Ísafoldaprentsmiðja H.F. Reykjavík.

Óútgefnar heimildir

Bréf Minjastofnunar Íslands frá 10. September 2018 MÍ201807-0045/ 6.10/ K.M.

Bréf Minjastofnunar Íslands frá 5. júní 2019 MÍ201905-0017/8.02/ I.S.K